

Hálf dán Ágústsson  
Þórður Arason  
Leah Tracy

## Ferill

Upplýsingakerfi um eftirlitsferðir á sjálfvirkar veðurstöðvar

# Inngangur


Ferill er notendaviðmót á safn upplýsinga um viðhalds- og eftirlitsferðir á sjálfvirkar veðurstöðvar. Safnið á að geyma upplýsingar um öll afskipti af sérhverri sjálfvirkri veðurstöð, en án slíkra upplýsinga eru mæligögnin frá stöðvunum lítils virði. Ferill tilheyrir TAS, Tækni- og athugasviði Veðurstofu Íslands. Hann er öllum starfsmönnum VÍ aðgengilegur til skoðunar en aðeins starfsmenn TAS geta breytt og bætt í hann upplýsingum.

## 1 Ferill ræstur

Til að nota Feril þarf viðkomandi að hafa aðgang að *Access*<sup>1</sup> gagnagrunninum. Fyrst verður að opna *Access* gagnagrunninn og svo Feril. Ferill er geymdur á diskni TAS og af tölvunni Skugga er slóðin á Feril

`/disk3/tas/tasv1/ferill/ferill.mdb`

Þegar Ferill er ræstur birtist á miðjum skjánum eftirfarandi valmynd, sem er meginviðmót Ferils (mynd 1). Til að hefja eða framkvæma einhverja aðgerð þarf að smella á



Mynd 1: *Meginvalmynd Ferils.*

---


<sup>1</sup>Hluti af Microsoft Office pakkanum

viðeigandi fering í valmyndinni. Það skal tekið fram að aðeins þarf að smella einu sinni til að framkvæma sérhverja aðgerð, og því óþarfi að tvísmella.

Í flestum glugganna sem opna má í Ferli er innbyggð einföld hjálp. Þegar músar-bendlinum er haldið yfir tilteknum reitum birtist stutt lýsing á því hvað sá reitur geymir. Í sumum gluggum birtist sami texti einnig neðst á skjánum.

## 2 Vinna við færslur

Ef smellt er á efsta feringinn í valmynd 1, þ.e.a.s. **Vinna\_vid\_faerslur** þá birtist eftirfarandi valmynd. Valmyndin leyfir að skoða, breyta eða bæta við færslum í upplýsingasafnið.



Mynd 2: Meginvalmynd þegar vinna á með færslur í safninu.

### 2.1 Skoða eina færslu í einu

Þegar valinn er fyrsti möguleikinn í valmynd 2 birtist mynd 3 á skjánum. Myndin sýnir ítarupplýsingar um eina færslu í upplýsingasafninu. Textinn í efstu línu myndarinnar minnir á að hér er aðeins hægt að skoða færslurnar, en ekki bæta við eða breyta þeim.

Mynd 3: Ítarupplýsingar um eina færslu.

**nafn** Í reitinn er merkt nafn stöðvar sem færslan á við.

**stod** Reiturinn geymir númer stöðvarinnar sem færslan á við.

**skst** Reiturinn geymir einkennisskammstöfun viðeigandi stöðvar.

**eftirlitsmenn** Í reitina fjóra eru skráðar skammstafanir á nöfnum þátttakenda í viðkomandi viðhalds- eða eftirlitsferð.

**timi** Tími og/eða dagsetning er komið var á stöðina og viðhaldi/eftirliti sinnt.

**timi\_brottför** Tími og/eða dagsetning er viðkomandi eftirlits- eða viðhaldsferð lauk, ef talið var nauðsynlegt að skrá þann tíma.

**ljósmyndir** Merkt er í reitinn ef í ferðinni voru teknar ljósmyndir af stöðinni.

**haed\_maeld** Merkt er í reitinn ef hæð stöðvar yfir sjó var mæld í ferðinni.

**stads\_maeld** Landfræðileg staðsetning stöðvar mæld.

**maelaskipti** Merkt er í reitinn ef skipt var um einhver mælitæki á stöðinni.

**maelaprofun** Prófun á einhverjum mælitækjum á stöðinni.

**maelahaedir** Hæðir mælitækja mældar.

**vidgerd** Gert við bilun á stöðinni og þ.m.t. rafgeymaskipti.

**stod\_breytt** Merkt er í reitinn ef gerðar voru breytingar á stöðinni sjálfri, aðrar en almennt viðhald og minniháttar viðgerðir.

**forriti\_breytt** Hafi forriti á stöðinni verið breytt þá er merkt í reitinn.

**afstodumynd** Teiknuð var upp afstöðumynd af stöðinni, mælitækjum og næsta nágreppi.

**lysing\_stod** Gerð var lýsing á mælitækjum og aðstæðum á stöðinni, eins og þær voru er farið var af stöðinni.

**ny\_faersla** Hnappur óvirkur.

**vista\_faerslu** Hnappur óvirkur.

**haetta\_vid** Hnappur óvirkur.

**lysing** Í reitinn eru skráðar upplýsingar um það sem gert var í viðkomandi ferð á stöðina. Skrá þarf nákvæmlega allar mælingar, breytingar, viðgerðir o.s.frv. Ef reiturinn virðist fullur þá birtist flettistika á honum sem má nota til að skoða textann sem annars sést ekki.

**gerist\_naest** Skráðar eru í reitinn upplýsingar um það sem nauðsynlegt er að verði gert í næstu eftirlitsferð á stöðinna. Til dæmis ef einhver viðgerð eða viðhald er fyrirjáanlegt eða ekki tókst að ljúka því í þessari ferð. Ef reiturinn er fullur birtist flettistika sem nota má til að skoða textann sem annars sést ekki.

**athugasemdir** Athugasemdir við færsluna en ekki sjálfa eftirlitsferðina.

**faersla\_skrad** Dagsetning er færslan var skráð í upplýsingasafnið.

**faerslu\_breytt** Dagsetning er færslu var síðast breytt. Er jöfn reitnum fyrir ofan ef færslu hefur ekki verið breytt.


**kenninr\_faerslu** Svokallað kenninúmer færslu, sem er einstakt fyrir sérhverja færslu.

Neðst í mynd 3 er flettistika sem leyfir notanda að færa sig fram og aftur í færslubunkanum. Færslunum er raðað í stafrófsröð eftir nafni stöðvarinnar sem þær eiga við. Fyrir færslur frá sömu stöð er þó raðað eftir dagsetningu eftirlitsferðarinnar.

Þegar hætta á að skoða færslurnar er glugganum lokað með því að smella á krossinn efst í hægra horni gluggans.

## 2.2 Breyta færslum

Sé þessi möguleiki valinn í valmynd 2 birtist eftirfarandi gluggi á skjánum. Með honum má velja færslur sem á að breyta.



Mynd 4: Valdar færslur sem á að breyta.

Sé þess óskað að skoða aðeins færslur frá ákveðinni veðurstöð má skrá nafn hennar í reit merktan **Stodvarnafn**. Annaðhvort má rita nafnið í reitinn eða velja úr lista sem birtist þegar smellt er á örina til hægri í reitnum.

Ef skoða á færslur frá ákveðnum tíma má skrá tímamann í neðri reitinn. Dagsetningin þarf að vera á ákveðnu formi, eins og sést neðarlega í mynd 4.

Hægt er að nota flóknar líkingar við að velja færslurnar sem skoða á. Vísað er í innbyggðar leiðbeiningar um leitir sem er að finna í *Access* grunninum.

Færslunum sem á að skoða, má annaðhvort raða eftir stafrófsröð stöðvarnafnanna eða eftir dagsetningu færslanna. Röðuninni er breytt með því að smella á viðeigandi reit í mynd 4.

Þegar ákveðið er hvaða stöðvar á að skoða er smellt á reit merktan **Skoda\_faerslur**. Þá birtist nýr gluggi sem er að mestu leyti eins og mynd 3 sýnir. Efst í glugganum er texti sem gefur til kynna að nú sé hægt að breyta og bæta við færslum. Nú eru einnig virkir þrír hnappar, merktir **ny\_faersla**, **vista\_faerslu** og **haetta\_vid**.

**ny\_faersla** Sé smellt á hnappinn birtist útfylltur gluggi eins og mynd 3 sýnir. Í hann má skrá upplýsingar um nýja eftirlitsferð. Ef ekki er búið að vista nýja færslu eða

breytingar á eldri færslu þegar stutt er á hnappinn, þá er spurt hvort vista eigi færsluna, (sjá umfjöllun um **vista\_faerslu**).

**vista\_faerslu** Þegar smellt er á hnappinn birtist gluggi þar sem notandi er beðinn um að staðfesta valið. Sé möguleikinn *Yes* valinn vistast færslan eins og hún er nú, og fyrri gildi eru töpuð. Ef möguleikinn *No* er notaður þá er færslan ekki vistuð og notandi hefur möguleika á að breyta henni enn frekar. Möguleikinn *Cancel* hefur sömu áhrif og **haetta\_vid**. Athuga ber að breytt færsla vistast einnig ef flettistika í botni gluggans er notuð til að fara á milli færslna, eða ef glugganum er lokað með því að smella á krossinn í efra, hægra, horni gluggans. Fordast ber að nota þessar leiðir til að vista færslur.

**haetta\_vid** Sé þessi möguleiki valinn vistast færslan ekki og allar breytingar sem hafa verið gerðar á henni tapast.

Þegar breyta á eldri færslu í færslusafninu þá skiptir ekki máli í hvaða röð reitunum er breytt eða hversu mörgum þeirra er breytt. Ef skrá á nýja færslu í safnið þá er ætíð byrjað á því að skrá á hvaða veðurstöð eftirlitsferðin var farin.

1. Þegar skrá þarf stöðina sem farið var á má gera eitt af þrennu. Slá inn nafn stöðvarinnar, númer hennar eða skammstöfun í viðeigandi reit. Einnig má velja nafn, númer, eða skammstöfun úr lista sem birtist sé smellt á örina hægra megin í reitunum. Ef ekki finnst rétt stöð í listanum, þá skal velja stöð með nafni *Ótilgreint* og númer 0. Nánari lýsingu á því hvaða stöð er átt við þarf þá að gefa í reitnum **lysing**. Þegar stöð hefur verið valin sér tölvan um að upplýsingarnar í reitunum þremur samrýmist og færir bendilinn yfir í **eftirlitsmenn**.
2. Í reitina merкта **eftirlitsmenn** á að rita skammstöfun á nafni eftirlitsmanns(a). Ef hún er ekki þekkt má smella á örina í reitnum og velja nafn hans úr listanum sem þá birtist. Ef ekki finnst rétt nafn í listanum má gera annað af tvennu. Annaðhvort velja óþekkt athugunarmanninn og skrá nánari upplýsingar í reit merktan **lysing** eða bæta manni á listann. Ekki ætti að bæta manni á listann nema hann taki reglulega þátt eftirlits- eða viðhaldsferðum. Til að bæta manni á listann er tvísmellt í einhvern af eftirlitsmannareitunum og má þá skrá nýjan eftirlitsmann á listann. Vísað er í kafla 4 til nánari útskýringa á þessu. Alls má nefna fjóra eftirlitsmenn, en það er þó ekki nauðsynlegt. Ef skrá þarf fleiri eftirlitsmenn þá má geta þeirra í reitnum **lysing**.
3. Þegar eftirlitsmenn hafa verið skráðir þarf að skrá tíma og/eða dagsetningu á eftirlitsferðina. Hana þarf að rita á formi sem tölvan skilur, t.d. '20 10 01 12:30',

'20.10.2001 12:30' eða '20/10/01 12:30', sem er þá 20. október 2001, kl. 12:30. Ekki er nauðsynlegt að gefa tímann auk dagsetningarinnar.

4. Ekki er nauðsynlegt að skrá í reit merktan **timi\_brottför**. En í reitinn má skrá tíma þegar eftirlitsferðinni lýkur, ef sá tími telst mikilvægur, t.d. ef vinna á stöðinni stendur í nokkra daga.
5. Í reiti merкта **ljósmyndir**, **haed\_maeld**, o.s.frv., er merkt með bilhnappinum eða með því að smella með músinni. Fara má milli reitanna með *TAB* hnappinum. Mikilvægt er að merkt sé samviskusamlega í viðeigandi reiti því þeir gegna lykilhlutverki þegar leitað er að ákveðnum færslum í safninu.
6. Næst þarf að skrá í reitinn **lysing**. Mikilvægt er að skrá nákvæmlega allar mælingar, viðgerðir og lýsingar á því sem gert var í ferðinni. Í reitnum má skipta línunum með *ENTER* hnappinum eða láta tölvuna um það. Engin takmörk er á því hversu miklar upplýsingar má skrá í reitinn. Þegar listi af færslum er skoðaður, (sjá kafla 2.4), sést jafnan ekki nema fyrsta línun í lýsingunni. Því er mælt til að upphafssetningin sé innihaldsrík og gefi hugmynd um aðalatriði eftirlitsferðarinnar.
7. Telji athugunarmenn æskilegt að framkvæma eitthvað í næstu eftirlitsferð á stöðina þá má skrá það í reitinn **gerist\_naest**.
8. Athugasemdir sem eiga við færsluna en ekki sjálfa eftirlitsferðina.
9. Að lokum þarf að vista færsluna með því að smella á **vista\_faerslu**. Ef ekki á að vista færsluna er smellt á **haetta\_vid**.

## 2.3 Bæta við færslum

Ef aðeins á að bæta við færslum, en ekki breyta þeim, þá er þessi möguleiki í valmynd 2 notaður. Þá birtist gluggi sem er að stærstum hluta eins og mynd 3 sýnir. Efst í glugganum er texti sem minnir á að nú er aðeins hægt að bæta við færslum en ekki breyta.

Til útskýringa hvernig upplýsingar eru skráðar í viðkomandi reiti er vísað í kafla 2.2. Eins og fyrr var sagt þá er aðeins hægt að bæta við færslum en ekki breyta þeim, en þó er hægt að skoða eldri færslur. Þegar valið er **vista\_faerslu** er ekki beðið um staðfestingu.

## 2.4 Skoða lista af færslum

Þegar þessi möguleiki í valmynd 2 er valinn þá birtist á skjánum gluggi sem er svipaður og mynd 5 sýnir.



kenni- numer	nafn	stod	timi	eftirlitsmenn	ljósmyndir	head_mæld	stads_mæld	mæleskipti	mælepröfun	mæleheðdir	viðgerð	stod_breytt	formi_breytt	afstod_mynd	lysing_stod	lysing
529	Afstapahraun	1368	19.5.2000	EÁ HGG HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Uppsetning. Allt virkar en rakanemi bíður.
179	Auðbjargarstaðabrekka	7601	29.1.1998	JH SK	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	UPPSETNING. Gekk vel nema að vindmæliskapall marðist u
181	Auðbjargarstaðabrekka	7601	3.2.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	AUDBR -> 610. Rafmagnsbúskapur enn í lagi.
196	Auðbjargarstaðabrekka	7601	4.3.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Truflanir í nýjum vindmælum.
237	Auðbjargarstaðabrekka	7601	6.7.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Klukkan í AUDBR löguð. Hafði stokkið til 98.01.08, (líklega þ
251	Auðbjargarstaðabrekka	7601	27.7.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Klukka stekkur aftur um 200 daga. Gagnatap/ruglingur (jan. s
259	Auðbjargarstaðabrekka	7601	3.9.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Enn stakur vindpúls á AUDBR. !!!
263	Auðbjargarstaðabrekka	7601	9.9.1998	JH HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipta um vindmæliskapal. Eitthvað klúðrast. Stöðin samban
266	Auðbjargarstaðabrekka	7601	11.9.1998	JH HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Títraun til að laga símamálin. Tókst ekki.
267	Auðbjargarstaðabrekka	7601	12.9.1998	JH HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Önnur títraun. Í lagi kl 11. Hefur þá verið sambandsleysi í sír
299	Auðbjargarstaðabrekka	7601	2.11.1998		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Vindmælispúlsar síðustu daga.
349	Auðbjargarstaðabrekka	7601	4.2.1999		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Vindnaglar undanfarið.
361	Auðbjargarstaðabrekka	7601	17.2.1999	JH	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Vindsía á mæli. Strax inn á aðalskráningu. Nýr hleðslustillir?
448	Auðbjargarstaðabrekka	7601	18.8.1999	EÁ ÞA ÁA	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kvörðun HMP35A í ís. Réttur. Allt í lagi. Hæðarmæling með k
40	Auðbjargarstaðabrekka	7601	18.8.1999	EÁ ÞA ÁA	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Eftirlit - engar tækjabreytingar.
685	Auðbjargarstaðabrekka	7601	17.1.2002		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Nýr rafgeymir settur við stöðina. Ingólfur frá Vegagerðinni á H
265	Ásbyrgi	4614	11.9.1998	JH HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ásbyrgi reist. Rétt forrit inn daginn eftir kl 9. Vindur og hiti
268	Ásbyrgi	4614	12.9.1998	JH HM	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Frágangur.
277	Ásbyrgi	4614	2.10.1998	JH ÞA	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Settur upp rakanemi HMP45C (var án hans í byrjun)

Mynd 5: Færslur sýndar í lista.

Með þessum möguleika má aðeins skoða færslur en hvorki breyta né bæta við færslum. Í glugganum eru ekki eins miklar upplýsingar um færslurnar eins og ef einungis væri skoðuð ein færsla í einu, (sbr. mynd 3). Fremst er gefið kenninúmer færslu, svo stöðvarnafnið og stöðvarnúmerið. Næst sést dagsetning eftirlitsferðarinnar og hverjir tóku þátt í henni. Lestina reka upplýsingar um hvað var gert í ferðinni. Til að sjá allt innihald síðasta reitsins verður að setja bendilinn á viðkomandi færslu og birtist þá innihald reitsins í stóra glugganum neðst í mynd 5.

Ekki er víst að allar færslurnar sem verið er að skoða rúmist á skjánum í einu, en þá má nota flettistíkuna til hægri í glugganum til að færa sig fram og aftur í færslulistanum. Einnig má nota upp og niður örvahnappana. Neðst í glugganum er einnig lítil flettistíka og þar sést hversu margar færslur eru í listanum sem verið er að skoða. Neðarlega til vinstri á skjánum eru nokkrir hnappar, m.a. til að leita að ákveðnum færslum í safninu.

**prenta\_lista** Sé smellt á hnappinn má prenta út þær færslur sem verið er að skoða. Staðfesta verður prentskipunina með því að velja *Yes* eða *No*. Útlit útprentunarinnar verður eins og listans, (myndir 5 og 6), en þó prentast ekkert sem er neðan neðri, láréttu, þverlínunnar. Notaður er prentari sem er sjálfgefinn hjá notanda. Athuga

ber að fjöldi færslna sem listinn sýnir getur verið miklu meiri en sést í glugganum.

**bua\_til\_leit** Þessi möguleiki er notaður ef leita á að ákveðnum færslum í safninu, sjá kafla 2.4.1.

**hitt\_formid** Sé stutt á þennan hnapp fæst nýr gluggi sem er eins og mynd 6 sýnir. Farið er til baka í mynd 5 ef stutt er á sama hnapp í mynd 6.

kenni-numer	nafn	stod	timi	lysing	gerist_naest
294	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	27.10.1998	Skipt um úrkomumæli og tengt inn á stöð.	
295	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	28.10.1998	Gert við úrkomumælinn með reed-rofa frá íhlutum.	
301	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	2.11.1998	Vindmælispúlsar síðustu daga.	
360	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	17.2.1999	Sía á vindmæli. Selt beint á P1 og strax á skráð aðalgögn.	
402	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	19.5.1999	Loftvog lækkuð um 0.65 skv. mælingum á staðnum 15. maí	
424	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	20.7.1999	Eftirlit og kvörðun. Mikill fuglaskítur í úrkomumæli. Þarf að setja upp fuglahring. Mold í	
33	Egilsstaðir sjálfvirk stöð	4271	20.7.1999	Eftirlit, engar breytingar.	
280	Eskifjörður	5981	13.10.1998	Upps	
291	Eskifjörður	5981	23.10.1998	Sími tengdur. Gekk ekki að fá modem til að svara. Modemum víxlað við SOMAS. Virka	
300	Eskifjörður	5981	2.11.1998	Vindmælispúlsar síðustu daga.	
323	Eskifjörður	5981	22.12.1998	Frumgagnskráin ESKIF_98.12 hverfur af netinu! Hringd inn 99.01.04 en ca. fyrstu	
324	Eskifjörður	5981	29.12.1998	JH og snjóeftirlitsmaður. Selt í vindhviðusía og forriti	
328	Eskifjörður	5981	4.1.1999	Nokkrir vindpúlsar síðan um áramót. SÍAN VIRKAR. P1 og P2 víxlað, þannig að skráð	
387	Eskifjörður	5981	7.4.1999	Hjalti hringdi. Grafa nartaði í strenginn að veðurstöðinni. Virðist ekki hafa skemmst.	
417	Eskifjörður	5981	14.7.1999	Logan í ís: -0.02°C. GPS og hæðarmæling. Þarf að endurnýja strápsils.	Þarf að endurnýja strápsils.
22	Eskifjörður	5981	14.7.1999	Eftirlit - engar tækjabreytingar.	
719	Eskifjörður	5981	11.2.2002	Skipt um í úrkomumæli, sýndi 243 eftir tæmingu. Klukka stillt. SÁ	
252	Eyjabakkar	5943	24.8.1998	Hannes gerir við úrkomumæli. Stillir klukku rangt (1997), lagað 31/8.	
260	Eyjabakkar	5943	4.9.1998	Kvörðun og eftirlit. Allt í lagi.	

prenta\_lista    ein\_faersla\_i\_einu    Skekkja í vinddát sem verið hefur frá 00.03.06 lagfærð með forritun.

hitt\_formid    syna\_allan\_listann    Mult í vinddátarskipun .142 -> .142 sem sýnir við austur-vestur speglun sem stafaði af því að endaví vinddátar-pótans víxluðust. Verður lagfært í næstu ferð.... Lagfæring 14:40

Record: 278 of 577

Mynd 6: Færslur sýndar í lista.


Munurinn á myndum 5 og 6 er ekki mikill en nokkrum reitum hefur verið sleppt og í stað þeirra kemur reiturinn **gerist\_naest**. Hegðun hans er eins og reitsins **lysing**, en fyrir þá færslu sem er virk hverju sinni birtist textinn í heild sinn í kassanum neðst til hægri.

**ein\_faersla\_i\_einu** Ef smellt er á þennan hnapp birtist gluggi sem er eins og mynd 3, en þó aðeins fyrir þær færslur sem voru í listanum þegar smellt var á hnappinn. Sem fyrr er ekki hægt að breyta eða bæta við færslum. Til að fara til baka í fyrri glugga, þ.e. listann, verður að loka mynd 3 með því að smella á krossinn í efra, hægra, horni.

**syna\_allan\_listann** Ef framkvæmd hefur verið leit í færslunum og listinn sýnir nú aðeins hluta færslunnanna, þá má fá allar færslurnar á ný með þessum hnappi.

## 2.4.1 Leit

Sé smellt á hnappinn **bua\_til\_leit** birtist gluggi sem er eins og mynd 7 sýnir.



Mynd 7: Leitað að ákveðnum færslum.

Í nýja gluggann má skrá þau leitarskilyrði sem óskað er eftir að verði notuð. Hægt er að leita að færslum frá ákveðinni stöð með því að velja nafn hennar eða númer. Einnig má leita að færslum frá ákveðnu tímabili, og er þá skilyrðið skráð í reitinn **timi**. Leita má eftir einhverjum af reitunum ellefu, **ljósmyndir**, **haed\_maeld**, o.s.frv. Ef hakað er í reit þá er leitað að færslum þar sem hakað er í sama reit. Einnig má hafa reitina auða og þá er leitað að færslum þar sem ekki er hakað í viðkomandi reiti. Að lokum geta reitirnir verið óvirkir, (skyggðir), en þá eru þeir ekki notaðir í leitinni. Í reitinn **lysing** má setja annað hvort *IsNull* eða *IsNotNull* og er þá annarsvegar leitað að færslum þar sem ekkert er skráð í reitinn og hinsvegar þar sem eitthvað er skráð.

Ef framkvæma þarf flóknari leitir í færslunum þá er bent á innbyggðar leiðbeiningar í *Access* gagnagrunninum. Einnig má nýta sér *Or* hnappinn neðst í glugganum til að setja fleiri en eitt skilyrði í leitina.

Þegar búið er að mynda leitarskilyrðin sem nota á, verður að smella með hægri músarhnappi á auða svæðið í glugganum. Í valmyndinni sem birtist á að velja efsta möguleikann,


eða þann sem merktur er *Apply Filter/Sort*. Nú birtist á ný fyrri gluggi en færslurnar sem eru sýndar uppfylla leitarskilyrðin sem notuð voru.

## 2.5 Tilbaka í aðalval

Með þessum hnappi í valmynd 2 er farið tilbaka í valmynd 1.

## 3 Skoða eftirlitsmannalista

Þessi hnappur er notaður til að sjá lista yfir þá eftirlitsmenn sem nota má þegar færslur er skráðar í grunninn. Listinn birtist er smellt er á hnappinn, og er hann eins og mynd 8 sýnir.



nafn	skammst	kennitala	fra	til
Ari Eðvaldsson, Ólafsfirði	AR			
Ásdís Auðunsdóttir	ÁA			
Elvar Ástráðsson	EÁ			
Eyjólfur Þorbjörnsson	EP			
Flosi H. Sigurðsson	FHS			
Hallgrímur Jónsson, Seyðisfræi	HALL			
Hallgrímur Marínóson	HM			
Hannes Haraldsson, Landsvirkjun	HaHa			
Haraldur Ólafsson	HÓ			
Hálfðán Ágústsson	HÁ		15.2.2001	
Henry Johansen	HJ			
Hjalti Geir Guðmundsson	HGG			
Hjalti Sigurðsson, Eskifirði	HS			
Hjörleifur H. Jónsson	HHJ			
Hreinn Hjartarson	HH			
Hörður Kristjánsson	HK			
Jón Gunnar Egilsson	JGE			
Jón Rúnar Gunnarsson, Bıldudal	JRG			
Jósef Hólmjárn	JH			
Oddur Pétursson, Ísafirði	OP			
Óþekk(t)i athugunarmaðurinn	00			
Sigrún Karlsdóttir	SK			
Sigurður Indriðason	SI			
Sigurður Páll Ásólfsson, Landsvirkjun	SPÁ			
Sigurður Þorsteinsson	SP			

Mynd 8: *Listi eftirlitsmanna.*

Listinn geymir nafn eftirlitsmanna, skammstöfun á nafni þeirri, kennitölu og á hvaða tímabili þeir voru virkir (**til** og **fra**). Athuga ber að skammstöfunin er einstök fyrir

sérhvern eftirlitsmann.

Með þessum möguleika er ekki hægt að breyta eða bæta við listann. Ef bæta þarf eftirlitsmanni á listann er vísað í kafla 4.

## 4 Bæta við eftirlitsmanni

Á eftirlitsmannalistanum eru aðeins nöfn þeirra sem þegar hafa tekið þátt í eftirlits- eða viðhaldsferðum á sjálfvirkar veðurstöðvar. Ef rík ástæða er til að bæta einhverjum á listann, þá er það gert með því að smella á þennan hnapp.

Mynd 8 birtist á ný en nú er bendillinn í auðri færslu og skrá má nýjan eftirlitsmann á listann. Fylla verður út í reitina **nafn** og **skammst**, en athuga verður að **skammst** er einkvæmt skráð.

## 5 Skoða stöðvalista

Listinn sem birtist þegar stutt er á hnappinn í valmynd 1 er á sama formi og mynd 9 sýnir. Á listanum eru þær sjálfvirku veðurstöðvar sem nota má þegar færslur er skráðar í grunninn. Listinn geymir stöðvarnúmer, nafn og skammstöfun á nafni stöðvanna. Efst í listanum er stöð með númerið 0 og nafnið *Ótilgreint*. Þessi stöð er notuð ef ekki er ljóst við hvaða stöð færsla á, eða ef stöð er ekki til í listanum, t.d. vegna þess að hún er ný eða aflögð.

Ekki er hægt að breyta eða bæta við færslum í listann. Vísað er í kafla 6 til nánari upplýsinga um þetta atriði.

## 6 Uppfæra stöðvalista

Nöfn stöðvanna í mynd 9 eru fengin úr töflunni *stod* í gagnagrunni Veðurstofunnar. Stöðvarnar á listanum samsvara þeim stöðvum úr töflunni sem eru af tegund *sj*, eða sjálfvirkar. Til að breyta einhverri stöð eða bæta við stöð á listann þarf því að breyta gagnagrunnstöflunni *stod*.

Hafi töflunni *stod* verið breytt er nauðsynlegt að uppfæra stöðvalistann í Ferli. Notaður er möguleikinn **Uppfæra\_stodvalista**, en gluggi 10 birtist þegar smellt er á hnappinn. Þegar Ferill kallar á gögn úr töflunni *stod* þarf að gefa notendanafn og lykilorð. Í reitinn *Host User Name*: þarf að skrá notendanafnið og í *Host Password*: lykilorðið. Þegar þetta er í lagi er stuttu á *Ok* og listinn uppfærist nú. Ef hætta þarf við uppfærslu á listanum er það gert með því að smella á *Cancel*.

stod	nafn	skst
	Ótilgreint	
884	Þúfuver I	tfv
898	Búrfell I	burfe
1357	Njarðvík	njard
1362	Grindavík	grind
1368	Afstapahraun	afstp
1370	Hvassahraun	hvass
1391	Þorlákshöfn	torlh
1452	Sandgerði	sandg
1453	Garðskagaviti	garsk
1473	Straumsvík	strau
1475	Reykjavík sjálfvirk stöð	reitr
1477	Reykjavíkurlflugvöllur	rflug
1479	Korpa	korpa
1483	Miðalsheiði	midhe
1485	Bláfjöll úrkomustöð	blafu
1486	Bláfjöll	blafj
1487	Bláfjallaskáli	blafs
1490	Hellisskarð	hells
1493	Ölkelduháls	olkel
1570	Ákranes	akran
1573	Hafnarfjörður	hafjo

Mynd 9: Listi sjálfvirkra veðurstöðva.

Logon to SequelLink Service	
Host User Name:	<input type="text"/> <input type="button" value="OK"/>
Host Password:	<input type="password"/> <input type="button" value="Cancel"/>
Database:	str::vedur_db <input type="button" value="Help"/>

Mynd 10: Stöðvalisti uppfærður.

## 7 Hætta

Hætt er í Ferli með því að velja síðasta möguleikann í valmynd 1. Ferli er þá lokað en Access grunnurinn er enn í gangi og þarf að loka honum sérstaklega.

## Tilkynningar um villur

Það getur gerst að Ferill komi með tilkynningar um villur þegar verið er að nota hann. Yfirleitt gerist þetta þegar notandinn gerir eitthvað rangt en einnig er möguleiki að lús leynist í Ferli. Yfirleitt er best að velja *No* eða *Cancel* möguleika þegar tilkynning um villu kemur á skjáinn, en stundum er aðeins um einn möguleika að ræða. Þegar tilkynningin er horfin er skynsamlegt að reyna að komast að því hvað olli villunni. Yfirleitt gerist það þegar röng gild eru skráð, t.d. ógild dagsetning í reitinn **timi**.

Verði notandi var við villu ætti hann að senda tilkynningu um villuna ásamt stuttri lýsingu á því hvað olli henni. Senda má tölvupóst merktan *Ferill, villa* á [halfdan@vedur.is](mailto:halfdan@vedur.is) og/eða [arason@vedur.is](mailto:arason@vedur.is).